

Nd.

42. Frumvarp

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913 um forðagæslu.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Einar Arnórsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú vanrækja hreppsmenn að kjósa forðagæslumenn, og skal þá oddviti hreppsnefndar tafarlaust senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tilkynning um það, ásamt tillögum sínum um það, hverja skipa skuli til starfans. Síðan skal lögreglustjóri tafarlaust skipa forðagæslumenn handa því forðagæsluumdæmi.

2. gr.

11. gr. 1. kafli orðist svo:

Ef búandi er í fódurþröng og fer eigi að ráðum forðagæslumanns, hvorki um öflun fódurs nje förgun fjenaðar, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum. Getur hreppstjóri með ráði forðagæslumanns eða forðagæslumanna þá aflað eða látið afla gegn ábyrgð hreppssjóðs, en á kostnað búanda, fódurs handa skepnum hans eða komið þeim fyrir til fódurs annarsstaðar, nema búandi kjósi heldur að leggja af svo mikið af fjenaði sínum, sem nægilegt þykir að álitu forðagæslumanns, til þess að því sje borgið, sem eftir er. Endurgjald fyrir fódurkostnað, samkvæmt þessari grein, má taka lögtaki í eignum búanda næsta ár eftir, enda skal það trygt með lögveðrétti í öllu búfje hans næstu 2 ár.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal 1. og 2. gr. þeirra færð inn í texta forðagæslulaga nr. 44, frá 10. nóv. 1913, og getur konungur gefið út þau lög þannig breytt sem lög um forðagæslu.